TUDOR RAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR 35 ÁR Á ÍSLANDI

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar

- 95Ah, 800 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon Boost)
- Nýjar og endurbættar blýgrindur (3DX)
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

PÓLLINN
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Póllinn ehf – Pollgötu 2 – 400 Ísafirði – Sími: 456 3092 – www.pollinn.is

VESTFIRÐIR

Staðarprýði í Hnífsdal
SAMDRÁTTUR Á VESTFJÖRÐUM
Listasýning í Djúpuvík

7. september 2017
14. TÖLUBLAÐ, 6. ÁRGANGUR

# SAMOFNIR HAGSMUNIR

Samofnir hagsmunir Veiðimálastofnunar og Landssambands veiðifélaga liggja langt aftur í tímann. Á myndinni er Sigurður Guðjónsson, Veiðimálastjóri og núverandi forstjóri Hafrannsóknarstofnunar að afhenda Óðni Sigþórssyni formanni Landssambands veiðifélaga veglegt málverk að gjöf frá Veiðimálastofnun á 50 ára afmæli Landssambands veiðifélaga. Forstjórinn hefur ítrekað um langt árabil lagt áherslu á hagsmuni veiðifélaganna og varað við laxeldi í sjó. Hagsmunirnir hafa líka legið saman í Fiskræktarsjóði þar sem Veiðimálastofnun og veiðimálastjóri hafa fengið 43 styrki frá 2005 – 2015 að fjárhæð 80 milljónir króna. æI stjórn Fiskræktarsjóðs hafa fulltrúar Landssambands veiðifélags sterk ítök þar hefur Óðinn Sigþórsson setið og fleiri forystumenn Landsambands veiðifélaga.

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar ehf.
Dekk Smur og Viðgerðir
Tire & Service
Sindragötu 14 400 Ísafjörður
Sími. 456-3501 / 893-2622

Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
10 YEAR QUALITY GUARANTEE
10 ára ábyrgð
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Með allt á hreinu í tæpa öld
Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

# Staðarprýði í Hnífsdal

Í Hnífsdal hafa hjón frá Akranesi gert upp hús af miklum myndarskap. Húsið var af flestum talið ónýtt, bara beðið eftir að það yrði rifið. Mikil hrifning er í Hnífsdal vegna þessa framtaks. Eiginmaðurinn er Ketill Björnsson, flugvirki á Akranesi. Ættaður úr Bolungarvík. Eins og sjá má af meðfylgjandi myndum sem Ásgeir Överby tók hefur húsið tekið algerum stakkaskiptum og er nú mikil staðarprýði.

Fánasmiðjan
Fánar, fánastangir og aukahlutir
Nú er rétti tíminn til að koma fánamálunum í gott stand.

s:5772020

# Kostnaður ekki upplýstur enn

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar gat ekki svarað því hve mikið stofnunin hefði fengið greitt frá Veiðifélagi Langadalsár fyrir skýrsluna Vöktun á stofnum lax og bleikju í Langadalsá við Ísafjarðardjúp árið 2016, sem kom út í janúar 2017. Sagði hann að sá vandi væri uppi að Veiðimálastofnun hefði skipt „um bókhaldskerfi (Axapta tok+) skömmu fyrir sameiningu og síðan var tekið upp nýtt kerfi fyrir nýja stofnun í fyrra (Oracle).

Það er því erfitt að leita að einstökum færslum í eldra kerfinu en þær koma ekki fram í ársreikningum. Það er hægt að grafa þetta upp en krefst vinnu. Einfaldara væri að leita fanga hjá veiðifélaginu.“

Þorleifur Pálsson formaður Veiðifélagsins var beðinn um þessar upplýsingar en hann sagðist vera í sumarbústað sínum í Langadal og hefði ekki þessar upplýsingar hjá sér. „Þú ættir að geta fengið þessar tölur hjá Hafró (Veiðimálastofnun.)“ segir Þorleifur í svari sínu.

Vonast er til þess að unnt verði að gera grein fyrir greiðslunni í næsta tölublaði Vestfjarða.

Ágúst Heimir Ólafsson sagði sjálfsagt að taka saman upplýsingar um tekjur veiðifélags Hvannadalsár, hagnað af reksri þess og áform um fjárfestingar á næstu árum. Var erindið framsent á formann félagsins Atla Árdal Ólafsson. Gerð verður grein fyrir svörunum þegar þau hafa borist. Aðalsteini Valdimarssyni formanni Veiðifélags Laugardalsár var sent sambærilegt erindi en engin svör eða önnur viðbrögð hafa borist frá honum.

# Borgarafundur framundan

Blaðið Vestfirðir hefur fengið það staðfest að borgarafundur um helstu hagsmunamál Vestfirðinga verður haldinn á næstunni. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Pétur Markan, formaður stjórnar fjórðungsambands Vestfirðinga staðfestir þetta. Þau mál sem sérstaklega verða tekin til umræðu eru fiskeldi i Ísafjarðardjúpi, virkjun Hvalár og vegagerð um Teigskóg í Gufudalssveit.

Fjórungssamband Vestfirðinga hefur tekið að sér að vera framkvæmdaaðili að fundinum að sögn Péturs, en Guðmundur Halldórsson, skipstjóri í Bolungavík hefur samkvæmt heimildum blaðsins sett fram hugmynd um fundinn og leitað eftir almennum stuðningi við hana. Pétur Markan segir að margir aðilar hafi viðrað hugmyndir um borgarafund, sveitarfélög, verkalýðsfélög, og einstaklingar og nefnir auk Guðmundar Halldórssonar þær Sigríði Kristjánsdóttur og Birnu Lárusdóttur.

# Landbúnaðarráðherra tengist stangveiðihagsmunum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er nátengd stangveiðihagsmunum. Eiginmaður hennar Kristján Arason er 10% hluthafi í einkahlutafélaginu Þiðrandi, sem eignarhaldsfélag um jörðina Hof í Álftafirði í Geithellnahreppi hinum forna á Austurlandi. Samkvæmt upplýsingum blaðsins Vestfirðir á jörðin veiðirétt í ánni Hofsá. Á vefnum NAT veiðivefur segir að „Í ánni er sjógengin bleikja fremur smá, þótt þar hafi veiðst nokkurra punda bleikjur og stöku lax“.

Um ána segir á vef Landssambands veiðifélaga :

Hofsá í Álftafirði getur verið all vatnsmikil og stundum jökullituð. Til sjávar fellur hún í sunnanverðan Álftafjörð, milli Flugustaða og Starmýrar. Fiskgeng er hún allt að Stórafossi, langt inni á Hofsdal. Aðgengi er gott með ánni.

Í Hofsá gengur bæði bleikja og aðeins af sjóbirtingi. Ekki er veiðifélag um ána og nýta eigendur veiðina sjálfir.

Selveiði og æðarvarp eru hlunnindi sem metin eru til fasteignamats. Á síðasta ári voru tekjur tæpar 4 milljónir króna, einkum útleiga fasteigna, og hagnaður varð 1,4 milljónir króna.



Í annarri nálægri á í Álftafirði, Selá, hefur á undanförnum árum verið sett laxaseiði í ána og í sumar var hafin sala á veiðileyfum. Einn af leigutökum árinnar segir að uppbyggingin hafi gengið vel og að áin sé efnileg laxveiðiá.

Ekki er vitað á þessari stundu um áform eigenda Þiðranda ehf og hvort þeir áformi á komandi árum uppbyggingu á veiðihlunnindunum. Landbúnaðarráðherra fer með málefni fiskeldis og stangveiða og hefur beitt sér fyrir stefnumörkun sem hægir verulega á uppbyggingu laxeldis í sjó , m.a. með því að loka Ísafjarðardjúpi fyrir laxeldi.

ora

HEIMILISMATUR

# ENSKUR MORGUNMATUR

Eggjahræra, beikon, smápylsur og bakaðar baunir á 3 mínútum.

TILBÚIÐ TIL UPPHITUNAR

ALVÖRU ENSKUR MORGUNMATUR

LEIÐARI

# SAMOFNIR HAGSMUNIR

Athuganir staðfesta að hagsmunir hluta vísindamanna og stangveiðifélaga hafa rækilega verið samofnir, sérstaklega fjárhagslegir hagsmunir. Um árabil var náið samstarf milli Veiðimálastofnunar og Landsambands veiðifélaga og þessir aðilar litu á sig sem samherja í viðleitni til þess að ná sem mestum efnahagslegum hag út úr stangveiðinni. Veiðimálastofnun er nú runnin saman við Hafrannsóknarstofnun og fyrrum forstjóri veiðimálastofnunar er nú forstjóri hinnar nýju stofnunar.

Skýrasta táknmynd hinna samofnu hagmuna birtist í ljósmynd frá 50 ára afmæli Landsambands veiðifélaga árið 2008. Myndin sýnir núverandi forstjóra Hafrannsóknarstofnunar afhenda formanni Landsambands veiðifélaga málverk að gjöf. Gjöf er gefin vinum.

**Fiskræktarsjóður og Veiðimálastjóri**

Fiskræktarsjóður er opinber sjóður sem veitir lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Fimm manna stjórn er yfir sjóðnum sem Landbúnaðarráðherra skipar. Tveir stjórnarmenn koma frá Landsambandi veiðifélaga og sá þriðji frá Landsambandi stangveiðifélaga. Einn stjórnarmaður kemur frá Landsambandi fiskeldisstöðva og einn er skipaður án tilnefningar. Veiðifélögin hafa því tögl og haldir í stjórninni og þar sitja framámenn úr þeirra röðum, meðal annars sá sem tók við málverkinu á afmælinu 2008.

Veiðimálastofnun sækir stíft um styrki úr Fiskræktarsjóði og hefur frá 2005 til 2015 fengið samtals 42 styrki að fjáræð um 80 milljónir króna til verkefna sem varða laxastofna. Er það nokkur furða að veiðimálastjórninn fyrrverandi og núverandi forstjóri Hafrannsóknarstofnunar hafi gefið Landsambandi veiðifélagi veglega gjöf á 50 ára afmælinu.

Meira að segja fékk sjálfur Veiðimálastjóri úthlutað styrk árið 2005 úr Fiskræktarsjóði að upphæð 360 þúsund kr til þess að halda ráðstefnu um áhrif fiskeldis á náttúrulega laxastofna. Það væri gaman að fá að sjá afraksturinn frá þeirri ráðstefnu svona í ljósi þess að 12 árum seinna er sami maður forstjóri Hafrannsóknarstofnunar og er einarður í þeirri afstöðu sinni og tillögugerð stofnunarinnar að ekki skuli leyfa laxeldi í sjó í Ísafjarðardjúpi. Fulltrúar veiðifélaga og stangveiðimanna telja örugglega nú að peningunum hafi verið vel varið til þessarar ráðstefnu.

**Efnahagslegir hagsmunir af laxveiðum**

Það er líka mjög sláandi hversu mikil áhersla er lögð á efnahagslega þýðingu standveiðanna. Meira að segja í nýútkomnu áhættumati Hafrannsóknarstofnunar sem á eingöngu að fjalla um mögulega erfðablöndum milli eldislax og villts lax hefst skýrslan á þessum orðum sem eingöngu er um efnahagslega þýðingu laxveiða:

„Stangveiði og netaveiði úr náttúrulegum íslenskum laxastofnum hafa gefið að meðaltali um það bil 40–50 þúsund laxa á ári undanfarna fjóra áratugi. Með tilkomu hafbeitar og sleppinga, ásamt minnkun netaveiða, hefur síðan orðið mikil fjölgun í heildarfjölda stangveiddra laxa upp í allt að 80-90 þúsund laxa í bestu árum. Bein verðmæti veiðiréttinda í íslenskum laxveiðiám eru metin yfir 4 milljarðar króna og með afleiddum, óbeinum áhrifum (gisting, veitingasala o.fl.) metin 15-20 milljarðar króna á ári.“

Í ársskýrslum Veiðimálastofnunar kemur ítrekað fram hjá Veiðimálastjóra hver efnahagslegur ávinningur er af stangveiði í ám og vötnum landsins. Nefna má ársskýrslurnar frá 2012 og 2014 sem dæmi þar um. Að sama skapi víkur Veiðimálastjóri að fiskeldinu á neikvæðan hátt og varar við hættum sem hann telur vera því samfara.

Athyglisvert er að ekkert er vikið að efnahagslegri þýðingu fiskeldis, í öllum þessum skýrslum, sem þó liggur fyrir að er geysimikil. Þannig liggur fyrir staðfest mat opinberra aðila eins og Byggðastonunar að laxeldi í Ísafjarðardjúpi einu er efnahagslega mun verðmætara fyrir þjóðarbúið en öll stangveiði landsins. Þegar haft er í huga að um 95% allra laxveiðiáa eru friðaðar fyrir fiskeldi með lokun fjarða og flóa og stangveiðin þannig vernduð í bak og fyrir er það stórt spurningarmerki hvernig á því megi standa að helsti talsmaður stangveiðimanna, sjálfur forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, sem við hvert tækifæri tíundar umfang og veltuna af stangveiðinni, skuli algerlega sneiða hjá því að nefna allar tekjurnar sem fiskeldið gefur af sér.

Kannski að fiskeldismenn eigi að huga að málverki til gjafa við hentugt tækifæri.

Hvað sem því líður, þá má hverjum manni ljóst vera að þegar kemur að mótun opinberrar stefnu um fiskeldi í sjó, þá eru þeir vanhæfir til álitsgjafar sem eru saman vafðir öðrum hagsmunaaðilanum og eiga langa sögu fjárhagslegra samskipta við þá sem þiggjendur. Slík álit eru að engu hafandi.

*Kristinn H. Gunnarsson*

VESTFIRÐIR

14. TBL. 6. ÁRGANGUR 2017

**Útgefandi:** Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is. **Umbrot:** Vefpressan. **Prentun:** Landsprent, 3.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

Emilie Dalum

Verk eftir Rósu Sigrúnu Jónsdóttur.

Etienne Ketelslegers



Emilie Dalum

# Lista- og ljósmyndasýningin The Factory í Djúpuvík

Annað sumarið í röð var opin lista- og ljósmyndasýningin The Factory í gömlu síldarverksmiðjunni í Djúpuvík í Árneshreppi. Sýningin var opin frá júníbyrjun til ágústloka. Tuttugu og tveir listamenn frá mörgum löndum sýndu verk sín. Sýnd voru verk af ýmsum toga, málverk, höggmyndir, textílverk, ljósmyndir, gjörningar og innsetningar. Hótelið í Djúpuvík var bjakhjarl sýningarinnar.

Tilgangur sýningarinnar er að styðja við samfélagið, sýna virðingu við landið og lýsa áhrifum náttúrunnar á listamennina. Stefnt er að því að sýningin verði aftur næsta sumar.

Einn Íslendingur sýnir verk sín. Það er Rósa Sigrún Jónsdóttir, sem sýnir verk sem vísa til sérstakrar menningar kvenna, svo sem saumaskaps.

Belginn Etienne Ketelslegers sýnir ljósmyndir af yfirgefnum húsum og vill hann með því leggja áherslu á erfiða lífsbaráttu í afskekktum sveitum landsins.

Danski ljósmyndarinn Emilie Dalum hefur verið búsett á Íslandi frá

Rósa Sigrún Jónsdóttir

Emilie Dalum



Etienne Ketelslegers.

2012. Á síðasta ári greindist hún með krabbamein og hún vill með ljósmyndum sínum varpa ljósi á varnarleysi og svartnætti sem fylgir því að greinast með sjúkdóminn. Vill hún lýsa því hvernig ung kona reynir að skilja eigin tilfinningar við þær aðstæður að líf hennar er snúið á hvolf í einu vetfangi og hún verður að setja til hiðar öll áform um framtíðina og gefa sig á vald lækna, hjúkrunar og meðferðar.

# Athugasemd

Undirritaður formaður Veiðifélags Langadalsárdeildar vil kom eftirfarandi athugasemd við grein Kristins H. Gunnarssonar í Pressunni þann 27. ágúst sl.

„Hagsmunaárekstrar“ Veiðifélag greiðir fyrir álit starfsmanna Hafransóknarstofnunar.

Hið rétta í málinu er að „Veiðimálastofnun“ hefur séð um seiðarannsóknir í Langadalsá með hléum og nú sl. fjögur ár og einnig á komandi hausti.

Tilgangur þessara rannsókna er að gera sér grein fyrir ástandi seiðastofns árinnar og kanna hvort ástæða sé til að vera með seiðasleppingar í ána af stofni hennar sjálfrar.

Niðurstaða þessara rannsókna hefur staðfest að náttúruleg hrygning og uppkoma seiða hefur verið mjög góð og því var tekin ákvörún á sl. hausti að hætta töku klaklax, en óska eftir áframhaldandi rannsóknum frá „Veiðimálastofnun“.

Þessi vinna fræðimanna „Veiðimálastofnunar“ nú Hafrannsóknarstofnunar á ekkert skilt við sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi.

Athugasemdir og staðhæfingar Kristins H. Gunnarssonar tel ég lákúrulegar og ekki til framdráttar í annars opinni og rökstuddri umræðu flestra er tjá sig um þessi mál.

*Með kveðju,*
*Þorleifur Pálsson.*
*260545-3299.*

**Aths ritstjóra:**

Þorleifur segir að vinna fræðimanna Hafrannsóknarstofnunar fyrir Veiðifélag Langadalsár eigi ekkert skylt við sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi. Á það er einmitt bent í leiðara blaðsins. En í skýrslu fræðimannanna fyrir Veiðifélagið sem Hafrannsóknarstofnun fær greitt fyrir segir hins vegar:

„Vatnasvæði Langadalsár/Hvannadalsár ásamt Laugardalsá eru öflugustu veiðiárnar við Ísafjarðardjúp. Nú liggja fyrir stórfelld áform um laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Miklar líkur eru til að laxeldi í sjókvíum hafi neikvæð áhrif á laxastofna því fi skar munu ætíð sleppa úr haldi í einhverjum mæli í sjókvíaeldi, og þar með hluti þeirra í Langadalsá. Það leiðir til mengunar strandsvæða, sníkjudýra og erfðablöndunar eldislaxa af norskum uppruna við náttúrulega fiskstofna. Mikilvægt er að séð verði til þess að umfang og skipulag mögulegs eldis verði með þeim hætti að tilveru náttúrulegra stofna laxfiska á svæðinu sé ekki stefnt í hættu.“

Ekki verður séð að þessi klásula tengist rannsóknunum sem voru til þess að athuga ástand seiðastofns árinnar.

*-k*

# Úrvalið er hjá okkur!

**Sturtuveggir**
Hert öryggisgler 8 og 10 mm.
Breidd 70 til 120 cm.

**Line innréttingar**
**Postulínshandlaugarborð.**
Breidd 60, 70, 80, 90, 100 og 120 cm.
Dýpt 36, 39 og 46 cm.

**Salerniskassi**
fyrir upphengd salerni
Ál og hert öryggisgler
Hvítt / Svart

Innrétting með handlaug,
höldum,ljósi,spegli & hillu
stærð: 60 x 48 cm
Verð 39.900 kr

# Gæði og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Tók afstöðu fyrir þremur árum

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar hafði fyrir löngu tekið afstöðu gegn laxeldi í Ísafjarðardjúpi þegar hann vann að áhættumatslíkani Hafrannsóknarstofnunar um mögulega erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Eins og kunnugt er var það niðurstaða fræðimannanna í Hafrannsóknarstofnunar undir forystu forstjórans að leggjast gegn laxeldi í sjó í Ísafjarðardjúpi.

Sigurður Guðjónsson var áður forstjóri Veiðimálastofnunar. Í bréfi dagsettu 25.11. 2014 til Landssambands veiðifélags sem hafði óskað eftir áliti Veiðimálastofnunar til þess að loka Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi fyrir laxeldi segir í niðurstöðu bréfsins að ekki sé skynsamlegt að stunda laxeldi í Ísafjarðardjúpi.

Á 50 ára afmæli LV færði Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, th. landssambandinu málverk að gjöf. Sá sem tók við gjöfinni er Óðinn Sigþórsson, sá sami og er viðtakandi bréfs Sigurðar Guðjónssonar í nóvember 2014.

Niðurstaða:

Af framansögðu telur Veiðimálastofnun skynsamlegt að ekki verði stundað laxeldi í Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði að minnsta kosti á meðan frekari þekking og reynsla á fiskeldi í sjókvíum er að koma fram. Veiðimálastofnun telur brýnt að hægt verði farið í uppbyggingu fiskeldis sem fylgi uppbyggingu innviða og öflun þekkingar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri

Landsamband Veiðifélaga
b.t. Óðinn Sigþórsson, formaður
Einarsnesi
311 Borgarnes

Reykjavík 25. 11.2014

Efni: Landsamband veiðifélag (LV) hefur óskað eftir áliti Veiðimálastofnunar (VMST) varðandi lokun Ísafjarðardjúps og Eyjafjarðar fyrir laxeldi.

Árið 2004 voru ákveðin svæði við strendur landsins friðuð fyrir eldi á laxfiskum (reglugerð nr. 460/2004). Var sú reglugerð sett til verndar villtum stofnum en á þeim tíma var fyrirhugað að hefja eldi á laxi af norskum uppruna í laxeldi í sjókvíum hér á landi.

Í ársskýrslum veiðimálastofnunar fyrir 2012 og aftur 2014 einblínir forstjórinn, Sigurður Guðjónsson á efnahagslega þátt stangveiðanna og tíundar veltu atvinnugreinarinnar og reiknuð áhrif í samfélaginu. En þegar kemur að fiskeldinu er forstjórinn öllu gagnrýnni og hefur uppi varnaðarorð og segir ljóst „að hagsmunir fiskeldis og nýting náttúrulegra laxastofna fari ekki saman nema tryggt sé að fiskar sleppi ekki úr eldisaðstöðu" (ársskýrslan 2012) og rekur ítarlega að hætta sé á erfðablöndun.

**Örn á Rauðasandi** Þessi fallegi örn sat á steini skammt frá bænum Melanesi á Rauðasandi. Ástþór Skúlason, bóndi tók myndina og segir að um ungan fugl sé að ræða.

Byggðastofnun:

# 6% samdráttur á Vestfjörðum

Byggðastofnun hefur tekið saman upplýsingar um hagvöxt eftirlandssvæðum á árunum 2008 – 2015. Almennt var 6% hagvöxtur á landsbyggðinni en Vestfirðir skera sig úr en þar var 6% samdráttur. Þar af varð hvorki meira né minna en 8% samdráttur árið 2010, sem virðist hafa verið alveg sérstaklega slæmt ár fyrir Vestfirðinga. Er það eini landshlutinn sem samdráttur varð á tímabilinu. Á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi eystra varð hagvöxturinn 8% og 7% á Vesturlandi. Á Austurlandi varð aðeins 1% hagvöxtur og 3% á Norðurlandi vestra. Á höfuðborgarsvæðinu varð hagvöxtur aðeins helmingur af því sem varð á landsbyggðinni eða 3%.

Lágt gengi krónunnar varð lyftistöng fyrir sjávarútveginn og kemur þar fram í hærri tekjum og það skýrir að verulegu leyti hvers vegna hagvöxtur varð meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að starfsemi Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa, sem hófst á þessu tímabili hafi gerbreytt stöðu Austfjarða og segir í skýrslunni að álverið skýri eitt og sér 7% hagvöxt á svæðinu. Framleiðsla á íbúa jókst á þessum árum 2008 – 2015 langmest á Austurlandi. Greinilegt er að án stóriðjunnar hefði orðið svipaður samdráttur á Austurlandi og varð á Vestfjörðum.

### Íbúaþróun misjöfn

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um tæp 7% á tímabilinu en utan þess stóð mannfjöldinn nokkurn veginn í stað. Fólki fækkar á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Austurlandi, en fjölgar í öðrum landshlutum.

### Vestfirðir: launatekjur á ársverk að jafnaði 8% minni

Á Vestfjörðum voru launatekjur á ársverk að jafnaði 8% minni en að jafnaði á öllu landinu, en fyrir fáeinum áratugum voru meðaltekjur á Vestfjörðum hærri en annars staðar. Laun á ársverk eru hærri á höfuðborgarsvæðinu en að jafnaði í öðrum landshlutum, en heldur lægri en á Austurlandi. Laun eru há bæði í stóriðju og sjávarútvegi á Austurlandi. Að meðaltali voru launatekjur á ársverk þar hærri árið 2015 en í nokkrum öðrum landshluta. Á Norðurlandi vestra voru launatekjur á ársverk hins vegar 14% undir landsmeðaltali.

Nokkru munar enn á fjárhagsstöðu fyrirtækja eftir landshlutum. Árið 2015 skulduðu útgerðir og iðnaðarfyrirtæki að jafnaði meira á Vestfjörðum en annars staðar. Þar hafði þó orðið mikil breyting til batnaðar frá 2008, þegar fjárhagsstaða greinanna var mjög slæm í þessum landshluta og raunar víðar.

### Lægstu launin, lægsta fasteignaverðið

Samdráttur varð í fjármálaþjónustu og tryggingum og opinber stjórnsýsla dróst saman. Þetta segir í skýrslu Byggðastofnunar á bls 14 um sjávarútveg á Vestfjörðum: „Laun á ársverk eru lægri í fiskveiðum á Vestfjörðum en annars staðar og meðallaun á ársverk í öllum atvinnugreinum eru aðeins undir landsmeðaltali árið 2015." Og um fasteignaverð: „Fasteignaverð er hvergi lægra en þar [á Vestfjörðum]. Staðgreiðsluverð á fermetra í sérbýli var 88-89 þúsund krónur að jafnaði árið 2015, rúm 40% af landsmeðaltali.

### Hagvöxtur -13% á Vestfjörðum en +64% á landinu öllu

Allt frá 1998 hefur Byggðastofnunar greint hagvöxt eftir landshlutum. Hagvöxtur á Vestfjörðum hefur verið neikvæður um 13% frá 1998 - 2015 en samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands varð hagvöxtur á tímabilinu 64% á landinu öllu. Vestfirðir hafa því orðið af geysimiklum tekjum vegna þess að hagvöxturinn hefur ekki fylgt landsmeðaltalinu.

### Vantar 45 milljarða króna ?

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða frá 2012, sem heitir Atvinnulíf og sjávarútvegur á Vestfjörðum er lagt mat á umfang efnahagslífsins á Vestfjörðum. Þar kemur fram að árið 2009 er talið að tekjur fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum hafi verið 45 milljarðar króna. Sé tekið tillit til þess að frá 2009 telur Byggðastofnun að samdráttur hafi verið um 6% og síðan tölurnar færðar til verðlags nú í ágúst 2017 fæst mat á efnahagslegu breytingunni að umfangi til. Ætla má að tekjurnar gætu verið 55 millljarðar á þessu ári. En hefði hagvöxturinn á Vestfjörðum frá 1998 orðið 64% en ekki 13% samdráttur væru tekjur fyrirtækja og stofnana á að giska liðlega 100 milljarðar króna í stað þess að vera 55 milljarðar króna. Þarna munar hvorki meira né minna en 45 milljörðum króna á hverju ári.

Þetta má sýna betur með því að byrja með tekjurnar 100 árið 1998. Þær hefðu minnkað í 87 þar sem samdráttur var 13% en hefðu aukist í 164 þar sem hagvöxtur var 64%. Þá eru tvær stærðir sem voru jafnar árið 1998 mjög ójafnar árið 2015 þar sem önnur væri 87 en hin 164. Athuga ber að þessar tölur eru nálgun á stærðum út frá tiltækum upplýsingum og nokkur óvissa getur verið í þeim.

TOTAL

# TOTAL SMUROLÍUR
# SVO ALLT GANGI SMURT!

kemi
Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | www.kemi.is | kemi@kemi.is

# Gísli á Uppsölum

Við hjónin vorum viðstödd leiksýninguna Gísli á Uppsölum nýlega.

Af því tilefni kviknaði örlítil ferðasaga frá heimsókn að Uppsölum.

Svo ég kynni mig aðeins í upphafi heiti ég Þorberg, og er í móðurætt frá Uppsölum í Ketildölum.

Svolítið langsótt, en staðreynd samt. Sigfús Elíasson afi minn, ljóðskáld, guðsmaður og dulspekingur, var fæddur á Uppsölum 1896 ólst þar upp, og var æskufélagi Gísla og bræðra hans. Sigfús afi lést árið 1972.

Þá þegar, og áður en Árni Johnsen og Ómar Ragnarsson fjölluðu um Gísla, hafði afi sagt mér sögur af þeim kynjakarli, sem Gísli var. Þær hljómuðu framandi í eyrum mér sem unglingi, þrátt fyrir það, að ég hafði kynnst nokkrum slíkum fyrr. Eins og gengur með fróðleiksfýsni, hef ég oftar en ekki gengið á slóðir forfeðranna, og reynt að upplifa að einhverju leiti umhverfi þeirra og æskuslóðir.

Fjölskylda mín og vinafólk fórum í erindisferð og heimsóttum Uppsali sumarið 1984, m.a. með því markmiði að hitta Gísla. Ég kynnti mig sem hér segir í upphafi, og með handabandi: Þorberg frá Uppsölum !!!

Núg, eg hag ( Nú er það ) svaraði Gísli. Svo var nokkur þögn.

Ég lét aðeins á það reyna hvað þögnin yrði löng, vegna afspurnar að Gísli væri fámáll.

Í þann mund er Gísli sýndist snúa undan, rauf ég þögnina með umræðu um afa og heyskapinn.

Ég hafði skimað umhverfið og séð trossuræsknið. Það var skraufaþurrt flatt hey á blettinum hans Gísla.

Já, Gísli átti sinn blett á Uppsölum,

sem hann sló, og aðra bletti sló hann ekki.

Aðrir áttu aðra bletti á Uppsölum, en þeir eigendur voru fluttir burt, og Gísli á Uppsölum sló þeirra bletti ekki. Bletturinn hans Gísla var fyrir framan fjárhúsið.

Eftir stutt spjall um afa, sem Gísla þótti greinilega vænt um, bauð ég hvort við ættum að koma heyinu í hlöðu. Nú urðu augu Gísla nokkuð stór, væntanlega vegna boðsins við heyskapinn.

Ha ma nu ahuga ha,( Það má nú athuga það ) Ég kunni til heyskapar úr minni sveit og sá einfalt góðgerðarverkefni framundan, sem létt væri að ljúka á ca. tveim klukkustundum. Við samferðafólkið hófumst handa.

Við réðumst á flekkinn næst fjárhúsinu og hugðumst vinna þannig út frá okkur, að við tækjum útkantana síðast, og þyrftum því ekki að draga trossuna yfir heyið. Greinilega leist Gísla ekki á aðferðafræðina, og blandaði sér í framkvæmdina. Æði ha se eki bes a byja lenst? (Ætli það sé ekki best að byrja lengst ?) Við skildum ábendinguna sem fyrirskipun, og gáfum okkur það að Gísli tryði ekki að við lykjum heyskapnum.

Því væri hægara fyrir hann að sjá um rest næst húsunum. Við hirtum útkantana fyrst, og drógum trossuna aftur og aftur yfir heyið.

Duglegt fólk á ferð. Allir lögðust á eitt, börn, konur og karlar fylltu trossuna óðfluga, og við karlar drógum í hlöðu.

Klukkustund liðin, þetta skotgekk, og verkið rúmlega hálfnað. Bóndinn á Uppsölum settist á trédrumb, og varð áhorfandi.

Ég hafði á tilfinningunni að augu hans stækkuðu enn meir, réttist úr baki, og honum væri eitthvað létt ?

Við lukum verkinu, og til öryggis breiddum við heyið um allt hlöðugólfið, til að forðast ofhitnun.

Við vorum með nesti og buðum til kaffidrykkju. Gísli þáði kaffi og flatköku með kæfu.

Drengjunum var afar starsýnt, og minntust Skrepps seiðkarls. Umræðan var í anda þess sem flestum er kunn.

Verulega blekktur á máli tjáði Gísli sig í samræðunni eftir megni: Nu eg hag ( nú er það ) ha va lurku i onu ( það var lurkur í honum), É eiginleg bjós nú eki vi hí( Ég eiginlega bjóst nú ekki við því ) Hvan komu hi ? (Hvaðan komuð þið?) Við erum úr Reykjavík, en komum hingað úr Vatnsfirði. E ha i Isafjaadjúfi? (Er það í Ísafjarðardjúpi?) Af útlitinu dæmið ekki menn. Nú vissi Gísli betur en við. Það er nefnilega Vatnsfjörður innst í Ísafjarðardjúpi sem við vissum ekki af, en við komum úr Vatnsfirði við Flókalund á Barðaströnd. Okkur fannst réttlætanlegt að biðja um eitt lag.

Það tók tíma að komast upp á loft. Við reyndum að syngja með, og litum hvert á annað. Þetta var erfitt fyrir laglausa, og ennþá verra fyrir hina, sem sagt, ómögulegt. Það var laumulegt augnaráð á sumum, gjóað pínlega hingað og þangað, eins og fylgst væri með flugu á fullri ferð. Það var komið að kveðjustund.

Ha væi gama a hjá akomendu Sifúa amanh. (Það væri gaman að sjá afkomendur Sigfúsar saman) Við hjón vorum með þrjá syni okkar með í ferð, en samferðafólkið tvo. Drengirnir fimm runnu eflaust dálítið saman fyrir Gísla, enda allir áþekkt klæddir í bláhvítum íþróttafötum. Ég bað samferðafólkið að ganga aðeins til hliðar, og stillti fjölskyldu minni í hóp, þannig að Gísli gæti áttað sig á hverjir væru afkomendur Sigfúsar.

Nei, ei, eki hanah, eki ún, eki ún. ( Nei, nei, ekki hana, ekki hún, ekki hún) Ég bað konu mína að ganga afsíðis frá okkur, svo við feðgar allir stæðum einir frammi fyrir augum Gísla.

Réttilega skilgreindi Gísli konu mína ekki sem afkomanda Sigfúsar.

Það voru auðvitað bara ég og drengirnir sem vorum hinir eiginlegu afkomendur, en ekki hún....

Við kvöddum með handabandi. Hakka é fyi a jálpa vi heyih.( Þakka þér fyrir að hjálpa við heyið ) Við gáfum nýtilegar gjafir í mat og drykk. Það var komin einhver taug á milli. Mér fannst örla á gagnkvæmri væntumþykju, og stutt í tár á hvarmi. Gísla hafði alla tíð þótt vænt um afa, og eflaust um heimsókn okkar líka, er upp var staðið.

Afi heimsótti Gísla ætíð í ferðum sínum á æskustöðvarnar í Ketildölum, og gaf honum ljóðabækur sínar.

Í tilefni af ferð okkar orti Kímni: ( Séra Emil Björnsson )

*Nú er hirt með nýjum hætti*
*nýtur Gísli þess um sinn.*
*Fiskað hey með fyrirdrætti*
*fæst með sæmd í hlöðu inn.*
*Kímni ´84.*

*Þorberg Ólafsson*

# Taktur tímans

Þrjár kynslóðir við tóftir Sjónarhóls sumarið 1975. Frá vinstri: Leifur, Kristinn, Sveinn og Reynir.

Tóftir Sjónarhóls með Skrúð í baksýn.

Hver bær á sína sögu. Eftir rúmlega hálfa öld er ég staddur hjá rústum æskustöðva minna. Hugur minn leitar aftur í tímann, tímann sem aldrei kemur aftur. Að standa á rústum eyðibæjar hlýtur að vekja upp margar spurningar og hugarástand sem jaðrar við trega. Gleði og sorg hafa alls staðar skipst á. Ég er staddur nákvæmlega á sama stað og áður fyrr. Sjóndeildarhringurinn sá sami og áður. ... Það var hrífandi að koma snemma út á fögrum sumarmorgni og sjá fjöllin speglast í spegilsléttum firðinum, sjá reykinn liðast upp í loftið á bæjunum í kring einum á eftir öðrum. Þá var að koma hreyfing á fólkið. Það var að vakna til starfa.“

Svo skrifaði Sveinn Mósesson í minnisbók sína sumarið 1975 en hann var þá á ferð um bernskuslóðir sínar í Dýrafirði ásamt sonum sínum Reyni og Kristni, og sonarsyni sem jafnframt ritar þessa frásögn. Bærinn sem var honum athvarf fyrstu æskuárin nefndist Sjónarhóll en hann stóð rétt suður af lystigarðinum Skrúð við Núp. Gamli tíminn réð enn ríkjum þegar Sveinn sleit þar barnskónum á öðrum áratug síðustu aldar. Nýi tíminn var þó tekin að hefja innreið sína með mótorhljóðum og skellum. En Sveinn kynntist gamla bændasamfélaginu af eigin raun þar sem hann gekk til verka með svipuðum hætti og gert hafði verið um aldir. Níu ára gamall var hann sendur að heiman norður yfir Sandsheiði en hann hafði verið ráðinn sem smali sumarlangt á Sæból við Ingjaldssand þar sem fráfærur voru enn við lýði og þurfti að safna ánum saman til mjólkunar dag hvern. Tólf ára fór hann í verið á Fjallaskaga þar sem hann réri á árabát. Og hann fór með foreldrum sínum eftir Lækjarholtinu inn fyrir bæinn Fell til að stinga upp mó rétt upp undir Mýrafelli.

Sveinn var íhugull og ræddi oft um þær miklu samfélagsbreytingar sem hann upplifði á lífsleiðinni. Lífið hafði verið eilíft strit og hann fagnaði mörgum tækninýjungum sem létti lífsbaráttuna en gamli tíminn var honum þó að mörgu leyti kær. Ætla má að eftirfarandi hugleiðing Sveins hafi átt samhljóm í sinni margra sem einnig tilheyrðu gömlu aldamótakynslóðinni.

„Öll hljóð hafa einhverja þýðingu hvort sem þau eru lítil eða mikil, lágvær eða hávær. Flest þjóna þau einhverjum tilgangi til góðs eða ills. Þau gefa svo margt til kynna: sorg og gleði, sársauka og vellíðan, reiði og velvild og margt þar á milli. Mörg ný eru að myndast í sambandi við tæknivæðinguna og önnur að hverfa. T.d. hljóðið í gömlu vatnsmyllunum og kornkvörnunum handsnúnu, þyturinn í ljánum þegar margir voru við grasslátt, hóin þegar smalarnir voru að smala og hóa saman fénu og reka það í ból. Svo þessi gamalkunnu taktföstu hljóð sem heyrst höfðu öldum saman, róðrarhljóðið – áraglammið – þessi taktföstu þungu hljóð sem oft var hlustað eftir þegar von var á einhverjum úr kaupstaðnum eða verinu. Enn hlustar maður á þessi dimmu hljóð með lokuð augu: hlunkum, dunkum sem minna á löngu liðna tíð, þegar menn börðust oft upp á líf og dauða að komast í land á þessum litlu fleytum og höfðu aðeins seglin og handaflið til umráða.“

Frá landnámi hafði tíminn silast áfram allt fram á 20. öld. Flestir máttu eiga von á að ganga svipaða ævibraut og foreldrarnir. Með tæknibyltingu nútímans hefur samfélagið komist á fleygiferð og við vitum fátt um hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Kyrrstaðan hefur verið rofin en þó má finna augnablik þar sem eilífðin virðist söm við sig en enginn kemst upp með að dvelja þar öllum stundum. Í fríum getum við lagt argaþrasandi raftækin frá okkur, skondrað út í villta náttúru, lagst í laut og hlustað á lækinn hjala. En nútímalífið gerir okkur kröfuhörð á frekari gæði og öll viljum við búa við öryggi og þægindi. Þrautin er að finna jafnvægi milli þess gamla og hins nýja því áleiðis viljum við komast en það má ekki vera of dýru verði keypt.

Eftir því sem ég kemst næst var Sjónarhóll aðeins í ábúð í um þrjá áratugi. Engin jörð fylgdi bænum sem var sjómannsheimili eða þurrabúð eins og kallað var. Góð útsýn var frá bænum út fjörðinn, yfir nærliggjandi sveitir og inn Núpsdalinn. En þarna gat einnig verið vindasamt og var bærinn stundum af léttúð kallaður Vindhóll. Dags daglega létu menn nægja að segja Hóll og má af nafngiftunum sjá að fátt er einhlítt í henni veröld.

Sjónarhóll. Horft er inn fjörðinn.

Sveinn átti margar góðar minningar frá æskuslóðum sínum. Hann gleymdi aldrei gömlum leikfélaga frá Mýrum sem var hundurinn Laxi en milli þeirra var sterkt samband og má segja að seppi hafi farið að heiman til að geta verið sem mest samvistum með drengnum á Sjónarhóli. Segir nokkuð frá því í síðasta bindi ritraðarinnar Frá Bjartöngum að Djúpi þar sem ég geri nokkuð rækilega grein fyrir Sveini Mósessyni og fjölskyldu hans. Ég læt Svein um að slá botn í þetta greinarkorn og hverfum við nú um hundrað ár aftur í tímann.

„Þarna lék ég mér við Laxa, sem var traustasti leikfélagi minn, á svelluðum tjörnunum og veltumst við um í sköflunum. Smásilung veiddi ég í dýjunum með hrífuskaft fyrir veiðistöng. Ég horfði upp í hlíðina þar sem ég renndi mér á skíðum, stundum í tungsljósi og hálfdimmu. Það var eitthvað dulúðugt að horfa yfir landslagið í mánaskini og þjóta niður hlíðina, niður á holtin. Þegar árshátíðarnar voru haldnar að Núpi þá komu ungu mennirnir á skíðum innan úr sveitinni og fóru á snjóbrú yfir Núpsána, þá var enginn vegur nema troðningarnir eftir Lækjarholtunum. Þá hlustaði ég eftir marrinu í skíðunum. Þá var hlustað eftir öllum hljóðum. Það var svo sjaldan að nokkuð rifi kyrrðina.“

*Leifur Reynisson*
*Sagnfræðingur*

Fréttaskýring:

# Hvalá: Ásakanir um blekkingar bornar til baka

Læknarnir Tómas Guðbjartsson og Ólafur Már Björnsson bera fram þungar ásakanir í blaðagrein í Fréttablaðinu þann 30. ágúst síðastliðinn um blekkingar sem þeir telja að viðhafðar hafi verið við samþykkt á Hvalárvirkjun í Rammaáætlun. Í greininni , sem einnig birtist sama dag á vefnum visir.is, segir það þeir telji að „mikið skorti á að almenningur hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um fyrirhugaða virkjun í Hvalá og Eyvindarfjarðará."

Hvalárgljúfur. Fossinn Drynjandi. Mynd: Vesturverk ehf.

Tómas Guðbjartsson og Ólafur Már Björnsson. Mynd: visir.is.



Hugsanlegt stíflustæði við Hvalárvatn. Mynd: Vesturverk ehf.

### Eyvindarfjarðará bætt við ?

Segir einnig að virkjunin hafi stækkað frá upphafi með því að bæta við eftir á í virkjunina vatni úr Eyvindarfjarðará: „Hvalárvirkjun hefur sífellt verið að stækka á teikniborðinu, og er nú 55 MW, sem er langt umfram orkuþörf Vestfjarða. Nafnið er úlfur í sauðagæru, enda ljóst að auk þeirra 35 MW sem fást með virkjun Hvalár og Rjúkanda bætast 20 MW við með virkjun Eyvindarfjarðarár." Þeir Tómas og Ólafur Már klykkja síðan út með þessari staðhæfingu: „ Það er ótrúlegt að svo breyttri „Hvalárvirkjun" hafi verið laumað í gegnum þarsíðustu Rammaáætlun [Rammi 2], án nauðsynlegrar kynningar og umræðu." Gera þeir kröfu um nýtt umhverfismat og að kannað verði hvort reglum hafi verið fylgt.

### Eyvindarfjarðarveitan alltaf inni

Gunnar Gaukur Magnússon, framkvæmdastjóri Vesturverks ehf segir í svari við fyrirspurn blaðsins Vestfirðir að Eyvindarfjarðarveitan hafi alltaf verið alltaf inní virkjunarhugmyndunum og að hún verði að vera með til að ná hagkvæmni í virkjunina vegna tengikostnaðar. Gunnar Gaukur bendir á skýrslu Orkustofnunar um Hvalárvirkjun, sem Almenna verkfræðistofan vann, og kom út í júní 2007. „Vegna skrifa Tómasar í Vísi [í fyrradag] vil ég koma á framfæri að þegar við Hallvarður og Valdimar komum að Hvalárverkefninu (2007) er þessi skýrsla að koma út hjá OS. Þar inni er sama virkjunartilhögun og er á borðinu í dag með smávægilegum breytingum. Það eru tvær megin breytingar höfum við gert. Aðal breytingin er að við höfum fært stöðvarhúshellinn, aðkomugöng, frárennslisgöng til þess að geta fellt niður 450m langan og 12m breiðan frárennslisskurð sem hefði átt að koma utan til við Hvalárfoss. Hin breytingin er að við höfum fært miðlunargöng milli Hvalárvatns og Eyvindarfjarðarvatns ofar í fjallið til þess að hafa þau á nægu dýpi í dalverpi milli vatnanna" segir Gunnar Gaukur Magnússon og bætir við að „síðan að við hófum rannsóknir þarna hefa þær leitt í ljós að vatnið er meira en reiknað var með og orkuframleiðslan því aukist úr 240 GWh/ári í 330 GWh/ári sem hefur gert virkjunina hagkvæmari. Að öðru leyti stendur allt í skýrslu OS."

Þorbergur Steinn Leifsson, verkfræðingur gerir athugasemdir við skrif greinarhöfunda á visir.is. Bendir hann á, eins og Gunnar Gaukur, að Eyvindarfjarðarveita og miðlun í neðra vatninu hafi alltaf verið með frá 2007 og segir þær breytingar sem hafi verið gerðar frá 2007 minnki áhrif virkjunarinnar á umhverfið. Hætt hafi verið við mikinn skurð við Hvalárfoss og þess í stað verði grafin jarðgöng. Því séu virkjunaráformin nú, sem Tómas og Ólafur Már gagnrýna, mun betri fyrir umhverfið en þau sem kynnt voru fyrst.

Tómas Guðbjartsson var krafinn rökstuðnings fyrir fullyrðingunni um að Hvalárvirkjun hafi svo breyttri verið laumað í gegnum Rammaáætlun en hann vék sér undan því er ítrekaði að „Eyvindarfjarðará var ekki með í upphaflegri Hvalárvirkjun."

Mynd: úr skýrslu Orkustofnunar 2007.




**5. Mynd Afstaða miðlana og veitna á vatnasviði fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar**

### Skýrsla Orkustofnunar frá 2007

Hér skiptir greinilega máli hvað kemur frá í skýrslu Orkustofnunar frá 2007, sem markar upphaf áformanna um virkjun Hvalár. Almenna verkfræðistofan hf. vann skýrsluna.

Útdráttur skýrslunnar á fyrstu blaðsíðu er svona í heild (skáletrun blaðsins):

Gerð er grein fyrir niðurstöðum forathugunar á virkjun Hvalár og Rjúkanda á Ófeigsfjarðarheiði með miðlun í Vatnalautum. Miðað er við að veita vatninu yfir til Efra-Hvalárvatns sem yrði inntakslón virkjunar. Þaðan yrði virkjað í einu þrepi niður í Ófeigsfjörð með um 3,1 km löngum aðrennslisgöngum, að stöðvarhúsi sem staðsett yrði í Strandarfjöllum og með 1,7 km löngum frárennslisgöngum með útrás rétt ofan Hvalárfoss. Virkjað er fall frá 300 m y.s. niður í 5 m y.s. Gerð er áætlun um 30,7 MW virkjun sem framleiddi um 194 GWh af orku á ári. Stofnkostnaður á orkueiningu er um 32 kr/kWh/a (verðlag janúar 2001). *Jafnframt er gert grein fyrir að veita Eyvindarfjarðará yfir til Efra-Hvalárvatns með miðlun í Neðra-Eyvindarfjarðarvatni. Með þessari viðbót yrði stærð virkjunar 37 MW og framleiðsla um 240 GWh af orku á ári. Stofnkostnaður á orkueiningu er um 34 kr/kWh/a (verðlag janúar 2001).*

Í yfirliti yfir helstu kennistærðir er rækilega gerð grein fyrir Eyvindarfjarðarmiðlun, Eyvindarfjarðarstíflu og Eyvindarfjarðarveitu eins og nánar sést á myndinni til vinstri sem er í skýrslunni:

Gunnar Gaukur Magnússon

Þorbergur Steinn Leifsson

### Rammaáætlun 2

Verkefnisstjórn um Rammaáætlun skilaði af sér viðmikilli skýrslu í júní 2011 um virkjunarkosti og Hvalárvirkjun var þar metin sem 35 MW og 259 GWh. Alþingi samþykkti tillögurnar í janúar 2013 og setti Hvalárvirkjun í orkunýtingarflokk. Svo það fer ekki á milli mála að ljóst var að virkjun vatns úr Eyvindarfjarðará var hluti af Hvalárvirkjun. Verkefnisstjórnin hélt fjölmarga kynningarfundi um land allt og málsmeðferðin á Alþingi er eðli málsins opinber umfjöllun þar sem öllum gefst kostur á að senda inn sínar ábendingar og athugasemdir.

Landvernd vissi

Landvernd og fleiri náttúru- og umhverfisverndarsamtök sendu inn 68 blaðsína umsögn um Rammaáætlunina og vék stuttlega að Hvalárvirkjun. Engin athugasemd var gerð við Eyvindarfjarðarveituna heldur við háspennulínuna: „Virkjun árinnar myndi þýða lagningu háspennulínu um 60 km vegalengd (Almenna verkfræðistofan hf. 2007). Línurnar yrðu mjög áberandi í landslaginu og valda sjónmengun á stórum hluta víðerna Vestfjarða. Þar með töpuðust mikil náttúruleg verðmæti." Skýrslan sem Landvernd vísar til er sú sama og skýrsla Orkustofnunar frá 2007. Þar er rækilega gerð grein fyrir Eyvindarfjarðarþættinum eins og áður hefur verið rakið. Landvernd var því kunnugt um það í maí 2012 þegar Rammaáætlunin var til umfjöllunar á Alþingi.

### Rammaáætlun 3

Endurskoðuð Rammaáætlun var lögð fyrir Alþingi á síðasta hausti, 2016. Hún hefur ekki verið afgreidd en Hvalárvirkjun er þar áfram í nýtingarflokki en nú sem 55MW og 320 GWh. Engu að síður segir í skýringum að engar eða óverulegar breytingar séu á virkjuninni frá því að síðasta Rammaáætlun var samþykkt í janúar 2013. Þetta er samhljóða áliti verkefnisstjórnarinnar sem undirbjó endurskoðunina, svonefnda rammaáætlun 3 og skilaði af sér skýrslu í ágúst 2016. Aflaukningin er því ekki vegna breytinga á virkjunaráformum eins og greinarhöfundarnir tveir halda fram. Fullyrðingar þeirra um að 20 MW aflaukningin sé vegna þess að Eyvindafjarðarveitan hafi bæst við fá engan stuðning frá verkefnisstjórninni um Rammaáætlun né ráðherra sem leggur áætlunina fyrir Alþingi. Þvert á móti þá segja þessir aðilar að breytingar séu óverulegar eða engar og það stendur í þingskjalinu. Landverd hefur sent ítarlega umsögn um áætlunina og gagnrýnt hana í mörgum atriðum en þar er ekkert vikið því að Hvalárvirkjun sé frambrugðin því sem samþykkt var í Rammaáætlun 2. Aðeins segir að virkjunin muni hafa neikvæð áhrif á víðerni, vatnafar og ásýnd lands.

Gunnar Gaukur Magnússon segir að það myndi minnka Hvalárvirkjun um 15 MW ef Eyvindarfjarðarveita yrði fjarlægð. „Til að bera saman skýrsluna frá 2007 (37MW @ 7000klst gefa 240GWh/ári) og Hvalá í dag þá má með einföldum samanburði segja að Hvalá ætti að vera tæp 46MW (46 @7000klst gefa 322GWh/ári). Með einföldun má segja að eftir rannsóknir á vatnafari og landfræðilegum aðstæðum er sama virkjunin að gefa okkur 9 MW stærri virkjun. Við erum hinsvegar að skoða það að setja 55MW í stað 46MW túrbínur í virkjunina sem gefur okkur aðgang að hærra orkuverði með svokallaðri toppaflsvirkjun."

Vonandi eru lesendur blaðsins Vestfirðir nokkru nær um það hverjar staðreyndir málsins eru. Ekki verður séð, meðal annars í opinberum skýrslum, annað en að frá upphafi hafi verið gerð fullkomlega grein fyrir virkjunaráformunum.

*Kristinn H. Gunnarsson*

Svar við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar frá 8. ágúst 2017

# LAXASTOFNAR Í LAUGARDALSÁ, LANGADALSÁ OG HVANNADALSÁ

KHG óskar upplýsinga um laxastofna í Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá. Hvort sami stofninnn sé í þeim öllum og hvað hefur verið sleppt í árnar mikið af seiðum af öðrum stofnun innlendum eða erlendum og hvaða áhrif sleppingarnar hafa haft á upprunalegu stofnana og ekki síður áhrif þeirra á veiðina.

### Fiskrækt og seiðasleppingar í Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá

Laugardalsá er gott dæmi um vatnsfall þar sem fiskvegagerð hefur opnað aðgang göngufiska að góðum búsvæðum fyrir laxfiska, m.a. tveimur stöðuvötnum. Áin var einungis fiskgeng um 300 m að Einarsfossi og gjörsamlega ófiskgeng. Fiskvegur var fyrst sprengdur 1941 sem virkaði ekki, aftur sprengt 1951 en þótti illa fær fiski og síðan var varanlegur steyptur stigi gerður 1969. Kviðpokaseiðum var sleppt í ána af Elliðaárstofni árin 1936 og síðan aftur 1941 ca 10 -20.000 seiðum (Sigurður Már Einarsson 1991). Nokkur þúsund seiðum var sleppt af Kollafjarðarstofni árin 1965 og 1966 (Þór Guðjónsson 1989) og árin 1968 til 1976 var 1.000-2.000 sjógönguseiðum sleppt árlega frá Laxalónsstöðinni (stofn óþekktur). Frá 1977 -1981 var einhver ræktun af seiðum úr Kollafirði, en árið 1991 var fyrst sleppt seiðum af heimastofni. Fjöldi gönguseiða sem sleppt hefur verið í ána er tæplega 19.000 seiði fram til 1991 og um 35.000 sumaralin seiði. Áður hefur verið minnst á sleppingar kviðpokaseiða. Frá byrjun tíunda áratugarins hefur undirritaður ekki tæmandi upplýsingar um seiðasleppingar í Laugardalsá. Sleppt var 3.000 sumaröldum laxaseiðum árið 1991 og árin 2001 til 2004 alls 12.700 gönguseiðum. Bent er á lax – og silungsveiðisvið Fiskistofu sem annast slíka gagnasöfnun.

Í Langadalsá eru til gögn um veiðinýtingu allt því fyrir miðja síðustu öld. Gögn um seiðasleppingar í ána eru ekki tæmandi en frá 1965 til 1981 var sleppt alls 1.500 smáseiðum og 23.500 gönguseiðum frá Kollafirði í ána. Samfelld gögn eru til um sleppingar í ána frá árinu 2000 og hefur alls verið sleppt 203.102 gönguseiðum í ána á þeim tíma (Þorleifur Pálsson, tölvupóstur 25. ágúst 2017) eingöngu af heimastofni. Gögn eru ekki tæmandi og bent á Fiskistofu/Veiðifélag Langadalsár um nánari upplýsingar. Seiðasleppingum hefur nú verið hætt í ána, enda áin talin sjálfbær m.t.t. til hrygningar, nýliðunar og veiðinýtingar. Góð gögn eru til um tegundasamsetningu, hrygningu og nýliðun seiða hin síðari ár og árlega fara fram vöktunarrannsóknir á ánni (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2017). Árangur gönguseiðasleppinga til fiskræktar hefur gengið mjög misjafnlega í Langadalsá. Árin 2001 til 2013 reyndist hlutdeild sleppiseiða í laxveiðinni vera tæplega 10% (undanskilin eru árin 2009 og 2011 er engum sýnum var safnað) og var hlutdeild eldisseiða allt frá 0% er minnst var upp í 22,3% er mest var (Sigurður Már Einarsson, óbirtar niðurstöður).

Hvannadalsá er lakara veiðivatn en þær tvær fyrrnefndu, m.a. þar sem fiskgeng lengd er minni og framleiðslugeta búsvæða þannig minni. Nýlega hefur mikið átak verið gert í fiskvegagerð bæði í hliðaránni Lágadalsá og í Hvannadalsá og er líklegt að laxastofn ánna vaxi verulega þegar búsvæði ofan fossa verða fullsetin. Töluverð ræktun hefur átt sér stað í Hvannadalsá, einkum með gönguseiðasleppingum. Árin 1965 til 1979 var alls um 10.000 smáseiðum og 12.000 gönguseiðum sleppt í ána af Kollafjarðarstofni (Þór Guðjónsson 1989). Upplýsingar um seiðasleppingar hin síðari ár eru ekki tæmandi, en frá árinu 2004 hefur verið sleppt alls 152.938 gönguseiðum í ána. Bent er á Fiskistofu eða Veiðifélag Hvannadalsár til að fá nánari upplýsingar.

Árið 1988 var sett reglugerð sem bannaði flutning laxa á milli vatnakerfa og frá árinu 1997 hafa verið ákvæði í lögum sem banna slíka flutninga (Guðni Guðbergsson o.fl. 2011). Ekki er vitað til þess að seiðum af erlendum uppruna hafi verið sleppt í árnar og reyndar hvergi í íslenskar veiðiár.

### Laxastofnar/stofngerðir

Árið 1991 var safnað erfðasýnum úr 32 íslenskum ám og voru það fyrstu rannsóknir sem fram fóru á erfðafræði íslenskra laxastofna. Niðurstaða rannsóknanna leiddi í ljós að flestar laxár á Íslandi eru taldar með laxastofna sem aðgreinast erfðafræðilega frá stofnum í öðrum ám og í stærri vatnakerfum getur verið um fleiri en einn stofn að ræða (Anna Kristín Daníelsdóttir o.fl. 1997). Einnig að laxastofnar innan sama landsvæðis voru skyldari en laxastofnar í öðrum landshlutum. Svipaðar niðurstöður komu einnig fram í rannsókn á erfðaefni seiða sem safnað var 2002 og 2006 úr 26 vatnasvæðum (Ólafsson o.fl. 2014).

Sigurður Már Einarsson Fiskifræðingur við rafveiðar í Grímsá.

Erfðagreining hefur farið fram á sýnum úr Laugardalsá (Anna Kristín Daníelsdóttir o.fl 1997, Kristinn Ólafsson o.fl. 2014). Erfðaefni laxaseiða úr Langadalsá hefur einnig verið greint (óbirtar niðurstöður) og nýverið hafa verið erfðagreind sýni af laxi úr 16 vatnsföllum á svæðinu frá Rauðasandi að Súgandafirði. Greining á skyldleika vestfirsku laxastofnanna við aðra laxastofna á Íslandi bendir til að þeir myndi sérstakan erfðahóp (Leó M. Alexandersson o.fl. 2017). Greining á erfðaefni úr Langadalsár hefur sýnt að laxastofninn þar er náskyldur laxi í Laugardalsá (Sigurður Guðjónsson, munnlegar upplýsingar). Greining á erfðaefni Hvannadalsár/Lágadalsár hefur ekki verið gerð, en erfðasýnum var safnað í fjölmörgum ám við Ísafjarðardjúp haustið 2016 m.a. úr Lágadalsá hliðará Hvannadalsár, en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Ekki er unnt að svara því hvaða áhrif sleppingar seiða í árnar hafa haft á upprunalega stofna í ánum við Ísafjarðardjúp þar sem greiningar á arfgerð laxastofnanna liggja ekki fyrir frá þeim tíma er engar sleppingar voru stundaðar. Athyglisvert er að ekki sjást merki um að stofngerð Elliðaánna komi fram í sýnum úr Laugardalsá þrátt fyrir að seiðum hafi verið sleppt af Elliðaárstofni er áin var ræktuð. Afar erfitt er að meta áhrif seiðasleppinga á veiði í ánum, nema að árnar séu vaktaðar og sleppiseiði séu merkt eða hlutdeild þeirra í veiðinni metin með öðrum hætti t.a.m. hreisturrannsóknum. Sleppiseiði eru almennt ekki eins hæf og náttúruleg seiði og endurheimtuhlutfall gjarnan mun lægra en seiða af náttúrulegum uppruna (Guðni Guðbergsson o.fl. 2011).

### Erfðablöndun

KHG óskar rökstuðnings fyrir fullyrðingu í nýlegri skýrslu um Langadalsá ( SME o.fl 2016) um að“ miklar líkur eru til að laxeldi í sjókvíum hafi neikvæð áhrif á laxastofna því fiskar muni ætíð sleppa úr haldi í sjókvíaeldi... Það leiðir til mengunar strandsvæða, sníkjudýra og erfðablöndunar eldislaxa af norskum uppruna við náttúrulega fiskstofna“.

**Svar:** Vel þekkt er að umhverfisáhrif laxeldis í sjókvíum eru margþætt en þeir þættir sem snúa að villtum stofnum laxa og laxfiska eru helst erfðablöndun, útbreiðsla sjúkdóma og fjölgun laxalúsa í umhverfinu (Naylor o.fl. 2005; Svåsand o.fl. 2016). Því er hér fyrst og fremst átt við erlendar heimildir einkum frá Noregi og Skotlandi þótt ekki væri vitnað til þeirra beint í skýrslunni. Nýlega kom út skýrsla Hafrannsóknastofnunar (Leó M. Alexandersson o.fl. 2017) þar sem nokkur tilfelli erfðablöndnunar laxa af norskum uppruna eru staðfest m.a. í Botnsá í Tálknafirði og Sunndalsá Trostansfirði. Í þeirri skýrslu er ítarleg samantekt á stöðu þekkingar varðandi erfðablöndun laxa úr sjókvíaeldi við náttúrulega lax og er vísað til hennar um frekari heimildir.

**HEIMILDIR**

Danielsdottir AK, Marteinsdottir G, Arnason F, Gudjonsson S 1997. Genetic structure of wild and reared Alantic salmon (Salmo salar L.) populations in Iceland, ICES Journal of Marine Science 54: 989-997.

Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Már Einarsson 2011. Fiskrækt með sleppingum. Stefna Veiðimálastofnunar. Samantekt Fagfundar.VMST/1159 . 13 bls.

Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson 2017. Erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna Genetic introgression of non-native farmed salmon into Icelandic salmon populations. Haf – og vatnarannsóknir 2017-031. 31 bls.

Naylor, R., Hindar, K., Fleming, I.A., Goldburg, R., Williams, S., Volpe, J., Whoriskey, F., Eagle, J., Kelso, D. og Mangel, M. (2005). Fugitive salmon: assessing the risks of escaped fish from net-pen aquaculture. BioScience, 55: 427 – 437.

Ólafsson, K., Pampoulie, C., Hjörleifsdóttir, S., Guðjónsson, S. og Hreggviðsson, G.Ó. (2014a). Present-day genetic structure of Atlantic salmon (Salmo salar) in Icelandic rivers and ice-cap retreat models. PLoS ONE 9: e86809

Sigurður Már Einarsson 1991. Laugardalsá við Ísafjarðardjúp. Fiskirannsóknir 1991. VMST-V/91023X.

Sigurður Már Einarsson 2017. Vöktun á stofnum lax og bleikju í Langadalsá við Ísafjarðardjúp árið 2016. Haf – og vatnarannsóknir. HV 2017-002.

Svåsand T., Karlsen Ø., Kvamme B.O., Stien L.H.,Taranger G.L. og Boxaspen K.K. (ritstj.) (2016). Risikovurdering av norsk fiskeoppdrett 2016. Fisken og havet, særnr. 2-2016. 190 bls.

Þór Guðjónsson 1989. Frá Starfsemi Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði. Uppruni laxastofnsins, hafbeit og seiðaframleiðsla. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-R/89022. 47 bls.

*Sigurður Már Einarsson Fiskifræðingur við rafveiðar í Grímsá*

# Dexta verður á bás P84 á Sjávarútvegssýningunni

## Búnaður fyrir orkuflutning og orkusparnað

Dexta

12. íslenska sjávarútvegssýningin
13-15 September

**Dexta orkutæknilausnir ehf.**

- Varmaskiptar - **Ýmsar gerðir á lager**
- Varmadælur og kælisamstæður
- Iðnaðarviftur og -blásarar
- Loftræstisamstæður
- Tæknirýmis- og tölvukælar
- Vökvakælar
- Hitabúnt
- Hitablásarar
- Loftskiljur og afloftarar
- Dælur
- Hraðabreytar
- Sjó- og vatnssíur
- og margt fleira...

Invertek Drives.com

CIAT

nuaire fan solutions

EBARA

SPIRTECH FOR BETTER PERFORMANCE

Fjölnisgötu 6A, 603 Akureyri | Símar: 461 5710 og 894 4721 | www.dexta.is | gauti@dexta.is


## GOTT VERÐ Á FJÓRHJÓLUM

ÞEKKT MERKI MEÐ YFIR 50 ÁRA FARSÆLA SÖGU

Spil
Power stýri
Rafmagns driflæsingar
Dráttarkrókur og tengill
Framleitt í U.S.A

ARCTIC CAT TRV 550 - kr. 1.689.000,-
ARCTIC CAT TRV 700 - kr. 1.960.000,-
Götuskráð. Verð með vsk.

ARCTIC CAT® SHARE OUR PASSION.™

ARCTIC SPORT Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 578-0820 - arcticsport.is

# Byggðastefna í molum,en það er von

Góðir lesendur. Það dylst engum sem hefur kynnt sér og prófað á eigin skinni,að byggðastefna á Íslandi er í molum. Það stendur ekki steinn yfir steini og handahófskennd vinnubrögð leiða til stórkostlegra breytinga á byggð og skerðingar á mannlífi út um landið. Fjölskyldur leita í ríkari mæli á mölina enda ekki skrítið miðað við þá mismunun sem viðgengst í þessu ríkasta landi heims. Hvað veldur og hvað er til ráða ? Í stuttu máli er staðan þannig að íbúar á köldum svæðum greiða himinhátt verð til að kynda hús sín,margir hafa ekki aðgang að viðunandi ljósleiðaratengingum,njóta ekki vegasambands eða snjómoksturs svo mannsæmandi sé. Einnig stendur einfasa rafmagn mörgum fyrir þrifum. Póstdreifing til sveita og þorpa þverrandi. Kvótakerfi í sjávarútvegi er meingallað og skilur eftir byggðir í sárum,alger andhverfa þess sem til að ætlast að það myndi tryggja byggð í landinu. Smábátaflotinn og krókaveiðar á útrýmingarstigi. Það verður að gera róttækar breytingar á fiskveiðistjórninni ef ekki á að fara illa. Svo ekki sé minnst á brottkastið gegnum árin. Smáplástrar Byggðastofnunar,byggðakvóti og verkefnið brothættar byggðir eru góðra gjalda verðar,en duga engan vegin,því ekki er ráðist gegn rótum vandans. Það verður að jafna kjörin í landinu og leyfa fólki að bjarga sér. Þetta tel ég vænlegt til árangurs:

- Ívilnanir í gegnum skattkerfið.
- Breytt fiskveiðistjórnun. Allur afli á markað. Frjálsar krókaveiðar.
- Stórátak í vegagerð. Metnaðarfull áætlun fyrir jarðgöng.

- Ljósleiðari og þriggjafasa rafmagn um allt land.
- Jöfnun flutningskostnaðar.

Ívilnunum má beita gegnum skattkerfið samkvæmt norrænni fyrirmynd. Norðmenn hafa um árabil styrkt byggðir gegnum skattkerfið með góðum árangri. Ekki síst hafa þeir hugað vel að frjálsum fiskveiðum á harðbýlum svæðum. Hví lítum við ekki til reynslu frænda okkar og gyrðum okkur í brók í byggðamálum. Ég get sem skattgreiðandi vel unnt góðu fólki í Árneshreppi á Ströndum (svo dæmi sé tekið) þess að greiða lægri tekjuskatt,enda njóta þeir ekki þeirra lífsgæða sem við hér við Faxaflóann teljum sjálfsögð mannréttindi. Það leggur ekki þjóðfélagið á hliðina,en verður hvati til þess að íbúar landsins sitji við sama borð. Það verður einnig hvati til þess að stjórnvöld setji fram áætlun hvernig skuli jafn kjörin svo allir greiði sama tekjuskatt. Hægt er að gera sáttmála um hvað lífsgæði liggja að baki ákvörðun um skattgreiðslur. Það má gera með aðkomu stéttarfélaga,sveitarfélaga og ráðuneyta. Svona gæti sáttmálinn litið út í grófum dráttum.

| Lífsgæði | Já/ Nei | Lækkun tekjuskatts |
|---|---|---|
| Heitt vatn til kyndingar/neyslu | | 10% |
| Ljósleiðaratenging 100 Gb | | 5% |
| Tvíbreiður vegur/slitlag/snjómokstur daglega | | 5% |
| Þriggjafasa rafmagn. | | 5% |
| Póstþjónusta dagleg/pósthús innan 50 km radíus | | 2% |
| Annað. (t.d. samgöngur frá eyjum,ferjur,flug o.f.l.) | | (3%) |

Skoði nú hver fyrir sig. Þetta má telja til þess sem við höfum byggt upp sem þjóðfélag og ríflega helmingur þjóðarinnar telur vera sjálfsögð mannréttindi núna árið 2017. Það er fádæma aumingjaskapur að hafa ekki sama verð á orku til húshitunar um allt land. Þessi gæði voru byggð upp fyrir daga kvótakerfis og skortveiðistefnu. Það ætti því að vera forgangsatriði að breyta fiskveiðistjórnuninni og afla tekna.

Margar þessar byggðir sem höfðu lagt ógrynni fjár til samfélagsins eru nú rjúkandi rústir því innviðir voru ekki byggðir upp. Uppbyggingu var hætt og heilu byggðirnar skildar eftir í myrkrinu og kuldanum. Ljósið í myrkrinu er metnaðarfull áætlun Rarik að leggja allt rafmagn í jörðu og þriggja fasa. Það er vel,en þarf að gerast miklu hraðar með aðkomu stjórnvalda. Vel er hægt að leggja ljósleiðara með rafstrengjum og spara stórfé líkt og gert var í Öræfasveit.

Jöfnun flutningskostnaðar er einföld framkvæmd. Sé ekki tollhöfn innan 100 km er hægt að beita ívilnunum gegnum skattkerfið. Það er tímabært að innlend fyrirtæki í eigu íslendinga njóti ívilnana líkt og stór erlend fyrirtæki í stóriðju. Næg er kvöðin af vaxtaokri fyrirtækja að þurfa ekki að glíma við himinháann flutningskostnað.

Það er nauðsynlegt að horfa í baksýnisspegilinn og læra af mistökunum,en það þarf að spyrna við fótum og bjarga byggðunum. Horfa fram á veginn. Bjóða út á EES svæðinu,þessi 20-25 jarðgöng sem á eftir að bora hér innanlands. Gera áætlun um að eyða einbreiðum brúm. Þarna verða þingmenn að setja sig í spor kjósenda sinna,líka þeir sem lifa við öll þessi kjör í Garðabænum (svo dæmi sé tekið) . Ef gamli söngurinn kemur um kostnað við verkefnin má benda á stóra tekjupósta í vannýttum fiskistofnum kringum landið sem eru varðir af skortveiði kvótakerfisins. Vilji er allt sem þarf til að breyta mannana verkum.

*Stefán Skafti Steinólfsson. Akranesi Nemi og áhugamaður um byggðamál.*

# Kerrurnar frá Humbaur hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg,
mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan.
Verð kr: 399,000. - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg,
mál frá 2.65x1.65m til 6.10x2.48m.

Load-Master, 750kg sleða-fjórhjóla-golfbílakerra, sturtanleg,
mál: 305x166cm.
Verð kr: 270,000,- án vsk.

Ýmsar gerðir og möguleikar **HUMBAUR**

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Nýtt á Íslandi frá Wörmann kerrum!

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

WC-vagn ýmsar útfærslur. Leitið upplýsinga.

**WÖRMANN**
world of trailers

# Tæki til vetrarþjónustu





**Wendel**

**Tangarhöfða 1**
**110 Reykjavík**

**Sími 551 5464**
**Fax: 551 4531**

**wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

# Einleikjahátíðin á Suðureyri haldin í fjórtánda sinn

Act alone á Suðureyri var haldin í síðasta mánuði og boðið var upp á um 20 viðburði á þriggja daga hátíð. Hátíðin fór að mestu fram í félagsheimili Súgfirðinga sem rúmar um 160–170 manns með góðu móti. Fullt var út úr dyrum á alla einleikina og talið að gestir hafi verið nærri 3000. Eitt einkenni hátíðarinnar er að frítt er inn á alla dagskráliði og ýmis fyrirtæki styrkja hátíðina og bera þannig kostnaðinn af hátíðinni. Það er Kómedíuleikhúsið sem stendur fyrir hátíðinni. Í raun er það leikarinn Elfar Logi Hannesson sem er drifkrafturinn og hefur hann fengið fjölmarga til liðs við hátíðina sem leggja sitt af mörkum.

Leikkonan Hera Fjord flutti einþáttung um langalangaömmu sína Kristínu Dahlsted sem átti um margt ævintýralegt lífshlaup. Kristín var Dýrfirðingur, frá Dröngum, fædd 1876. Átti ástaræviintýri með skáldinu á Þröm, Magnúsi Hjaltasyni. Fór ung til Danmerkur þar sem hún lærði margt um hótel- og veitingarekstur. Heimkomin stofnaði hún eigin veitingastað að Laugavegi 68 sem varð fljótt vinsæll. Hún gaf staðnum nafnið Fjallkonan eftir að hún dreymdi hana. Unnusta sinn missti hún úti í Kaupmannahöfn skömmu fyrir giftingu. Seinna giftist hún Axeli Dahlstedt. Kristín lést 1968 þá 92 ára. Ævisaga hennar kom út 1961. Kristín eignaðist þrjú börn, Ingibjart, Ingibjörgu og Jón.

Þórunn Erna Clausen flutti ferðasögu Guðríðar Þorbjarnardóttur sem sigldi til Vínlands ( Ameríku) um 1000 og ól þar barn, fyrst evrópskra kvenna. Síðar á ævinni gekk Guðríður til Rómar og fékk áheyrn hjá páfanum.

Hátíðin var haldin í vestfirskri veðurblíðu.

Félagsheimilið á Suðureyri var þéttsetið alla helgina. Mynd: Act alone.

Hera segir í leikskrá: „fyrirmyndir eins og Kristín eru okkur mikilvægar, þær eknna okkur að allt er hægt og að við eigum öll að taka pláss. Því þakka ég langalangömmu Kristínu.“

Að sjálfsögðu var Elfar Logi Hannesson með einleik sinn um Gísla á Uppsölum.

Einn þeirra sem sótti Act alone og horfði á einleikinn um Kristínu Dahlstedt var Reynir Ingibjartsson, sonur Ingibjarts og sonarsonur Kristínar.

Eyrún Ósk Jónsdóttir las upp úr ljóðabók sinni Góðfúslegt leyfi til sígerettukaupa og gerði það á leikvellinum um borð í bátnum Ágústa ÍS.

Kristín Dahlstedt

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.
Hollt og fljótlegt
Verum gáfuð og borðum fisk
ÁN MSG
Grímur kokkur
Kveðja Grímur kokkur - www.grimurkokkur.is

SÆTOPPUR

Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

# SUMARTILBOÐ

**10% sumarafsláttur af öllum**

## GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar

www.volundarhus.is

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/17-01

**50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.**

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

**Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.**

volundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán

GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is




FISKUR GRÆNMETI KJÚKLINGUR KJÖT ÁVEXTIR RÆKJUR HUMAR SKELFISKUR

# **Martak ehf.** er í hópi öflugustu útflutningsfyrirtækja Íslands og í fararbroddi í þróun og framleiðslu á lausnum og búnaði fyrir matvælaiðnaðinn.

Martak ehf. býður upp á hönnun og teikningar fyrir nútíma verksmiðjur þar sem hagkvæmni, afköst og nýting er höfð að leiðarljósi. Hjá Martak starfa hönnuðir, tæknimenn og ráðgjafar með áratuga reynslu í að hanna og útfæra lausnir fyrir matvælaiðnaðinn - **þú finnur allt sem þú þarft á einum stað.**

Martak býður upp á mikið úrval stakra tækja, heildarlausna og hugbúnaðar. Fyrirtækið býður upp á klæðskera saumaðar lausnir, sérsniðnar að þörfum viðskiptavinarins. Martak framleiðir meðal annars vogir, innmötunarkerfi, pillunnarvélar, skelblásara, pökkunarlínur, ílagnakerfi, blöndunarstöðvar og pækil- frysti og kælikerfi svo eitthvað sé nefnt. Martak hefur yfir að ráða öflugri vatnsskurðurðarvél og býður uppá alla almenna mámsmíði úr ryðfríu efni.

**Gerum tilboð í ýmis verk:** Vatnsskurð á ýmsum efnum, renni-og fræsivinnu, plötuvinnslu, nýsmíði úr ryðfríu stáli og hönnunar- og teikniþjónustu - **hafðu samband.**

**Vöruframboð fyrirtækisins spannar allt framleiðsluferlið, frá frumvinnslu hráefnis til pökkunar í neytendapakkningar.**

Pillunarvélar

Saltpækilkerfi

Lifrarvinnslubúnaður

Innmötunarkör

Sjóðarar

Aðgerðarlínur

Snyrtilínur

Pökkunarlínur

Karalyftur

Kælikerfi

Blásarar

Íshúðunartæki

Martak ehf | Hafnargata 21 | 240 Grindavik | 4221800 | www.martak.is